

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

# NÝR OG FERSKUR KOSTUR Á SERRANO

Ljúffengt hollustusalat á Serrano er brakandi ferskur og nýr kostur á Serrano. Fáðu þér salat á Serrano – og njóttu hollustunnar í botn!



  
**serrano**  
SERRANO.IS



Prófaðu  
nýju salötin  
á Serrano!

**6 STAÐIR**

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI

Damon Younger leikur illmennid Brúnó. Ef sá tæki þátt í Mottumars, væri það þá ekki eiginlega Brúnómars?



## ARNA RÚN Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 010487.  
Uppáhaldsmatur: Lasagna.  
Uppáhaldsstaður í heiminum: Sumarbústaðurinn.  
Uppáhaldsdýr: Hundurinn minn.  
Uppáhaldsliður: Blár.

ARNA RÚN, JÓNA BERGLIND, JÚLÍA OG SVALA VIÐ GLUGGANN GÓÐA

Mynd/Sigurgeir

# Hanna gluggageðveiki

Stelpurnar í **Undralandinu** lífga upp á miðbæinn en taka ekki að sér banka

„Þetta hefur gengið vel, við höfum fengið helling af skemmtilegum verkefnum og höfum því sannarlega ekki setið auðum höndum,“ segir Arna Rún Gústafsdóttir, einn af eigendum hönnunar- og auglýsingastofunnar Undralandið. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum var fyrirtækið stofnað af fjórum útskrifuðum bekkjarsysturum úr LHÍ í janúar síðastliðnum, en síðan þá hefur fereyknið unnið að því að hasla sér völl í bransanum. „Í upphafi sendum við tölvupósta á fullt af fyrirtækjum sem bar svo sem ekki mikinn árangur en smám saman fóru verkefni að berast okkur frá fyrirtækjum sem höfðu heyrð af okkur utan úr bæ eða verið bent á okkur.“

Eins og gefur að skilja eru stelpurnar ekki farnar að hugsa út í að stækka fyrirtækið strax, en hvernig kúnna hafa þær helst verið með á sínum snærum? „Við höfum mest verið að vinna fyrir lítil fyrirtæki eða einstaklinga auk þess að vera með tvo stærri kúnna sem eru millistór fyrirtæki. Það samræmist vel við okkar

markmið enda erum við ekki að fara að taka að okkur neina banka í brád þar sem við erum nú bara fjórar í starfsteypinu,“ segir hún á léttum nótum og bætir við að samstarfið gangi vel.

## Fullklárað á næsta góðviðrisdegi

„Nýjasta verkefnið okkar er ótrúlega spennandi en það felst í að hanna gluggaskreytingu í hönnunarbúð sem verður opnuð á Laugaveginum á næstunni og heitir Hríml. Það er langt komið en við bindum nú vonir við að það komi gott veður svo við getum fullklárað verkið með því að mála stéttina fyrir framan

búðina og upp eftir veggjum hússins. Við eigum reyndar eftir að fá leyfi fyrir því en það er að minnsta kosti draumurinn að gera þetta þannig að þetta skríði dálítið út úr búðinni og lífgi upp á miðbæinn.“ Eins og dæma má út frá orðum Örnú er nóg um að vera hjá Undralendingum en hún segir einna skemmtilegast hve fjölbreytileg verkefni þeirra til þessa hafa verið. „Við höfum gert allt frá auglýsingum fyrir fyrirtæki yfir í verkefni eins og heimasíður, plaköt og umbúðahönnun. Svo erum við líka að hanna allt fyrir Airwaves-hátíðina þetta árið sem er auðvitað algjört draumaverkefni.“

elg



## FYRIR HJÓLAEIGENDUR

Nú er bensínverðið að hækka upp úr öllu valdi og því er tilvalið að spara bílinn sinn eilítið. Þó svo að veðurguðinn hafi átt í erfðleikum undanfarið með að velja veðurfarið þá stefnir allt í það að vorið fari að kíkja í heimsókn. Þá er upplagt að taka fram hjólið og hjóla einstöku sinnum á áfangastað. Gott fyrir sálina og budduna.

## Vikan á ...

# facebook



**Maria Olafsdóttir**  
Ahhh hvað er alltaf notalegt að sofa yfir sig, þar til maður vaknar ! :-)  
13. mars kl. 9:51



**Valdimar Gudmundsson**  
Hundurinn minn hættir ekki að prumpa. Verri prumpulykt en hjá mér.  
13. mars kl. 1:06



**Jóhannes Haukur Jóhannesson**  
Er ekki hægt að fá einhvern almennilegan þýðanda í þessa fjöldastatusa á feisbúkk? Mig langar ekki að afrita og deila einhverju málfraeðislysi.  
12. mars kl. 9.48



**Anna Svava**  
Það eru alltaf einhver börn sem ég þekki ekki neitt að adda mér á facebook. En kannski er það betra en gömlu karlarinn út á landi.  
11. mars kl. 22.59

## Feitast í blaðinu

**Sigurður Smári og Telma Lind eru Með allt á hreinu** í söngleik leikfélags FS. >>4

**Kvennó og MA mætast í 8-liða úrslitum í Gettu betur.** >>6

**Stíllinn kíkt í fataskápinn hjá hinni Ebay-öðu Ernu Hrund Hermanns.** >>7

**Damon Younger segist vera feiminn að eðlisfari.** >>13

**Edda Sif pældi djúpt í Instagram-filterum þegar Íslandsmet í armbeigjum var slegið.** >>14

Windows Phone

# EINFALDARI HRAÐARI SKEMMTILEGRI

## Tryggðu þér eintak strax!

Lumia 800 er með Windows Phone 7 stýrikerfinu sem hefur fengið frábæra dóma - er stílhreint, flott og hraðvirkt. Kynntu þér málið í næstu verslun okkar eða á [vodafone.is](http://vodafone.is)

Þín ánægja er okkar markmið

[vodafone.is](http://vodafone.is)

**NOKIA LUMIA 800**

**Hvernig persónur eru Stinni og Harpa?**

**S** Stinni er maður sem hefur miklar áhyggjur af útlitinu og hann myndi yfirgefa vini sína og skipta um hljómsveit ef hann hefði tækifæri til að meika það.

**D** Harpa getur verið svolítill gríbbi. Hún er ákveðin og stendur á sínu en hún er góð inn við beinið.

**Eigið þið eitthvað sameiginlegt með ykkar persónum?**

**S** Mér finnst gaman að syngja.

**D** Ég get alveg verið ákveðin en ég er samt frekar mikið til baka. Harpa er frekar ólík mér. En það er gaman að leika einhvern sem er svona ólíkur sér.

**Um hvað er leikritið?**

**D** Þetta er um eina hljómsveit sem er með Hörpu Sjöfn og Stinna en svo verða þau ósátt og þeir ákveða að fara af stað einir.

**S** Þannig verða til sveitirnar Stuðmenn og Grýlurnar sem fara að keppast um velgengi í bransanum.

**Hafið þið séð Með allt á hreinu?**

**D** Ég sá hana fyrir einhverjum árum en horfði svo á hana aftur um daginn til að koma mér í gírinn.

**S** Sjálfur get ég ekki talið skiptin sem ég hef séð hana. Ég var orðinn aðdáandi löngu áður en ég tók þátt í þessari sýningu.

**En hafið þið tekið þátt áður í FS-sýningu?**

**S** Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek þátt í leikriti í skólanum en ég var í jóla-leikriti með leikfélagi Keflavíkur núna um jólin.

**D** Þetta er í annað sinn hjá mér. Ég lék í jóla-leikriti fyrir nokkrum árum. Svo tók ég þátt í Buggy Malone á vegum leikfélagsins-þegar ég var í 10. bekk. Í fyrra settum við upp Slappaðu af! eftir Felix Bergsson.

**Hafið þið alltaf getað leikið?**

**S** Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist og mér hefur alltaf þótt gaman að troða upp. Ég spila á gítar og syng líka svo ég hef mikinn áhuga á þessu.

**D** Ég aftur á móti er að syngja í fyrsta skipti fyrir framan fólk en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist. Það var ekki fyrr en ég byrjaði í unglíngaleikfélaginu að ég fann hvað þetta var mikið fyrir mig.

**Er stefnan sett á leiklist í framtíðinni?**

**D** Ekki sem atvinnu en það væri gaman að geta gert það með. Mig langar að fara í eitthvað lækningarangengt. Ég væri til í að verða ljósmóðir eða tannlæknir.

**S** Leiklist er planið hjá mér, já. Ég er á fyrsta ári í skólanum og er á íþróttabraut þar sem ég er knattspyrnuþjálfari. Mig langar líka að komast eins langt og ég get í dómgæslunni.

**Myndir þú þá gefa spjald á leikaraskap?**

**S** Já, ég hef þurft að gera það. Ég þyrfti að kenna þeim sem fá gult spjald eitthvað í leiklist.

**Hvers vegna ætti fólk að skella sér á Með allt á hreinu?**

**S** Þetta er ótrúlega skemmtileg sýning og þetta er eitthvað sem allir þekkja. Við fögnum því að það eru liðin 30 ár frá því að myndin var frumsýnd.

**D** Það ættu allir að geta mætt og sungið með. jrj

# Gef gult fyrir leikaraskap

Þau **Sigurður Smári** og **Telma Lind** gætu ekki bara myndað saman nafn á verslunarmiðstöð heldur eru þau líka í aðalhlutverkum í **Með allt á hreinu** sem nemendur FS frumsýna í Frumleikhúsinu annað kvöld.



**SIGURÐUR SMÁRI HANSSON**

**Skóli:** Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

**Hlutverk:** Kristinn stuð.

**Fyrstu sex:** 310595.

**UppáhaldsStuðmannalag:** Sigurjón digri.

**Uppáhalds Disney-persóna:** Herkúles.

**TELMA LIND SÆVARSDÓTTIR**

**Skóli:** Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

**Hlutverk:** Harpa Sjöfn.

**Fyrstu sex:** 250594.

**UppáhaldsGrýlulag:** Ekkert mál eða Hvað er að ske?

**Uppáhalds Disney-mynd:** Lion King.



## MEÐ ALLT Á HREINU



Gaff seldur sér.

**Frábært verð!**

## Charlotte & Julien

Dream your world™

Verð: Platinum heilsudýna, botn og lappir:

**100x200 - kr. 74.900,-**

**120x200 - kr. 86.900,-**

**140x200 - kr. 104.900,-**



Öllum fermingar-tilboðum fylgir 5 miða bíókort í



Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**HLÖÐVER STEFÁN ÞORGEIRSSON**

**Fyrstu sex:** 250793  
**Sérþekkingarsvið:** Íslensk landfræði.  
**Staða á borði:** Hægri vængur.  
**Draumastuðningslag:** Hesta-Jói er alltaf klassískur.  
**Hvað þarf til að ná langt í keppninni?** Áhugi á að vita sem mest. Stífar æfingar og að hafa gaman af þeim.  
**Draumaspyrning:** Ætli það sé ekki bara spurning á úrslitastundu sem ég get svarað. Það væri ekki leiðinlegt.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Hraðaspurningarnar á netinu.  
**Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi?** Fyrir þær tvær keppnir sem ég hef keppt hef ég í bæði skiptin verið að læra fyrir lokapróf í skólanum. Sé bara til hvað ég geri á föstudaginn.



**MA**

**ÞÓRIR STEINN STEFÁNSSON**

**Fyrstu sex:** 060692  
**Sérþekkingarsvið:** Heimsmeistaramótíð í knattspyrnu karla 1998.  
**Staða á borði:** Miðjan.  
**Hvað þarf til að ná langt í keppninni?** Metnað og þrautseigju.  
**Uppáhaldsspyrning til þessa:**

Hippoglossus hippoglossus sem er latneskt heiti á fisk.  
**Draumaspyrning:** Eitthvað um Kasabian.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Hraðaspurningar.  
**Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar?** Þegar ég lærði að lesa og las bókina Dúbbi dúfa.  
**Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu?** Boltinn Hunter.

**JÓHANN ÓLI EIDSSON**

**Fyrstu sex:** 060793  
**Sérþekkingarsvið:** Íslensk stjórnmálasaga.  
**Staða á borði:** Vinstri kantur.  
**Draumastuðningslag:** L'Estasi dell'Oro með Ennio Morricone  
**Draumaspyrill:** Hemmi Gunn og Edda saman.  
**Hvað þarf til að ná langt í keppninni?** Slátta af frítíma og dass af kæruleysi.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Vísbendingaspurningar.  
**Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar?** Ég hef alltaf vitað af þeim.  
**Hvað getur þú lesið margar bækur á dag?** Ég las einu sinni allar Hringadróttinsögurnar á sólarhring.  
**Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu?** Við erum með stressbolta sem við köstum á milli.

MA-piltum finnst gott að kasta á milli sín boltanum Hunter

**Dass af kæruleysi**

**GETTU BETUR**

**LAUFEY HARALDS-DÓTTIR**

**Fyrstu sex:** 040492.  
**Sérþekkingarsvið:** Rússnesk matargerð og spýrillspjall.  
**Staða á borði:** Hægri vængur.  
**Draumastuðningslag:** Lína Langsokkur-lagið.  
**Draumaspyrill:** Logi Bergmann.  
**Hvað þarf til að ná langt í keppninni?** Bjarna og Bjarka.  
**Uppáhaldsspyrning til þessa:** Lokaspurningin sem allir klúðruðu í úrslitabættinum í fyrra.  
**Draumaspyrning:** Mig langaði í Leiðarljós-spurninguna sem kom í síðasta þætti.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Vísbendingaspurningar.  
**Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar?** Þegar ég kynntist fólki sem er ekki fjölskyldan mín.  
**Hvað getur þú lesið margar bækur á dag?** Ef það er ísfólkið þá get ég lesið fjórar.

**BJARNI LÚDVÍKSSON**

**Fyrstu sex:** 210993.  
**Sérþekkingarsvið:** Rúllukragar og grænmeti.  
**Staða á borði:** Miðjan.  
**Draumaspyrill:** Edda Hermanns.

**Draumaspyrning:** Spurning um Gossip Girl fyrir Bjarka.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Vísbendingaspurningar.  
**Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar?** Þegar ég byrjaði að fylgjast með Gettu betur í sjónvarpinu.

**Hvað getur þú lesið margar bækur á dag?** Það mesta sem ég hef lesið til þessa er rúmlega ein bók. Ég held ég muni bæta metið einn daginn.  
**Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi?** Við horfum á White Man Can't Jump.

**BJARKI FREYR MAGNÚSSON**

**Fyrstu sex:** 150893.  
**Sérþekkingarsvið:** Allt í heiminum.  
**Staða á borði:** Vinstri vængur.  
**Draumastuðningslag:** Hvar er draumurinn?  
**Hvað þarf til að ná langt í keppninni?** Að vera allan tímann í þessu og sofa aðeins á milli.  
**Uppáhaldsspyrningaform:** Hraðinn.  
**Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar?** Það var ekki ég sem uppgötvaði þær heldur einhver annar.  
**Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu?** Ég mun aldrei gleyma þessu.  
**Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu?** Við erum öll lukkugripir í liðinu.

Laufey þarf Bjarka og Bjarna til að ná langt í keppninni

**Eru öll lukkugripir**

**KVENNÓ**

„Rúmið mitt.  
 Besta fermingargjöfin  
 og ég á það enn.“  
 Fríðrik Dór tónlistarmaður

Fermingartilboð á betrabak.is  
 - fyrir ungt fólk á uppleið!



**JAKKI TIL AÐ POPPA UPP**

Aftur er þetta allt saman af ebay, kjóllinn og jakkinn eru vintage. Jakkinn er fullkominn til að poppa upp einfalda kjóla og ég var einmitt í honum í fyrsta sinn í síðustu viku á Lúðrahátíðinni þar sem stofan mín fékk 3 stykki.

**SKYRTA FRÁ DIOR**

Mig hafði lengi dreymt um að finna fallega vintage-flík frá flottum hönnuði og sú ósk rættist þegar ég fann þessa silkiskyrtu frá Christian Dior. Buxurnar verða svo mikið notaðar í sumar en þær eru úr Zöru en keyptar á ebay og eru frá Portúgal.

**PALLÍ-ETTU-KJÓLL**

Fallegi vintage-pallíettukjóllinn minn sem ég keypti mér á ebay fyrir áramótin sem ég er ótrúlega lúkkuleg með. Ég var í honum við rauðar Oroblosokkabuxur og háa hæla á áramótunum en hér er ég í eftirlíkingu af Alexis-skónum frá Alexander Wang sem eru líka af ebay.

**HÁLSMENIN**

Koma öll alla leið frá Hong Kong.

# Er gjörsamlega húkkkt á ebay

**Erna Hrund Hermannsdóttir** er einna þekktust fyrir bloggsíðu sína *reykjavikfashionjournal.com* en þar skrifar hún helst um tísku og förðun. Hún er ekki bara góður bloggari heldur er hún einnig mjög lunkin á ebay og kaupir nánast öll sín fót þar.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í nokkrum orðum?** Ég geng mikið í víðum fótum, síðum bolum og kjólum, þannig líður mér best, ég hef aldrei verið mikið fyrir þröng fót. Svo nota ég mikið sokkabuxur, þá sérstaklega í sterkum litum, og blanda þeim saman við flíkur í ólíkum litum. Ég er sársjaldan í öllu svörtu, ég held að það hafi bara ekki gerst í langan tíma.

**Áttu þér einhverja fyrirmynd hvað varðar fatastíl?** Olsen-tvíburarnir eru að sjálfsögðu klassískt svar en mér finnst yngri systir þeirra Elizabeth líka vera með rosafloktan stíl. Svo fæ ég líka innblástur frá öllum tiskubloggunum sem ég fylgist með og að sjálfsögðu fólkinu í kringum mig.

**Hvert er uppáhaldstískutrendið þitt þessa dagana?** Ég er rosalega hrifin af mikið munstruðum flíkum og ég hlakka til að fara að prófa mig áfram í því að blanda þeim saman. Svo í makeupinu virðist vera að það sé á leiðinni nýtt trend sem er mikill og sterkur kinnalit, mér list mjög vel á það.

**Hvenær byrjaðir að versla á ebay?** Ég byrjaði aðeins að prófa mig áfram þegar ég var í Versló um 2008, þá keypti ég mér eina og eina flík en það var ekki fyrr en sumarið eftir að ég útskrifast að ég varð alveg húkkkt og ég hef keypt nánast allt á ebay síðan þá. Þá vaknaði líka hugmyndin af vefversluninni minni sem varð samt ekki til fyrr en síðasta sumar.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín sem þú hefur keypt á ebay?** Líklega pallíettukjóllinn minn sem ég keypti mér fyrir áramótin og marglita röndóttá peysan mín. Svo eru nú allar hinar í miklu uppáhaldi líka, það er kannski einna helst út af því að ég er búin að þurfa að bíða eftir þeim og spennurinn verður svo mikill. Ég man t.d. hvenær ég keypti allar flíkur, hvaðan þær eru og nánast í hverju ég var þegar ég keypti þær.

**Hverjir eru kostirnir við að versla á ebay?** Miklu meira úrval af vörum á betra verði og það á sérstaklega við um vintage-flíkur sem ég kaupir einna helst á ebay.

**En gallarnir?** Biðin getur stundum verið löng, sérstaklega þegar ég er að panta frá Asíu en ég hætti þessu samt seint.

**Hvað bloggar þú helst um á síðunni þinni?** Bloggið er tiskudagbókin mín þar sem ég deili myndum af mér, úr lífinu mínu og því sem mér finnst fallegt og spennandi. Einnig er ég með alla makeup-möppuna mína inni á síðunni svo áhugasamir geta þannig líka fylgst smá með lífi makeup artista sem er með brennandi áhuga á tísku og vinnur stundum alltof mikið og eyðir of miklum tíma á ebay fyrir sig og aðra.

**Nú hefur þú verið að búa til hárskraut og fleira úr sokkabuxum, viltu segja okkur aðeins frá því?** Ég byrjaði að fönðra með sokkabuxur fyrir núna tveimur árum. Þetta var svona hugmyndavinna fyrir mig og vinnuna mína um hvernig væri hægt að nýta sokkabuxur sem hafði kannski komið á lykkjufall, ég væri hætt að nota eða

hefði kannski aldrei notað. Hárböndin mín urðu til eitt kvöld þegar ég var að prófa mig áfram í því og ég hef varla hætt að búa þau til síðan. Ég reyndar nota þau líka mikið sem hálsfestar, þá minna þau einna helst á hálsfestina hennar Wilmu Flintstone. Hárböndin eru fánleg á heimasíðunni minni í öllum regnbogans litum og á mjög góðu verði. Svo hef ég líka verið að gera stór og mikil kögurhálsmen sem verða vonandi væntanleg í sölu hjá mér líka innan skamms þegar síðan verður opnuð með nýtt lúkk. En ég er voða hrifin af því að endurnýta gamla hluti og gefa þeim þannig nýtt líf.

**Hvað telur þú vera ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir vorið og sumarið?**

Munstraðar buxur og flíkur í sterkum skærum litum. Svo er ég rosalega hrifin af maxi-tískunni og ég hlakka til að geta farið að rölta niðri í bæ í sandölum og maxi-kjól.

**SKÓRNIR**

Eru frá Suður-Kóreu. Á mínum ebay-ferli hef ég komist að því að þeir í Kóreu eru ansi lunknir við að gera skó og það mjög flotta og þægilega.

**HRINGARNIR**

Eins og hálsmenin koma þeir frá Hong Kong en þeir eru einkar lunknir við að gera fallega ódýra skartgrip.

**PEYSA Í UPPÁHALDI**

Ég held ótrúlega mikið upp á þessa peysu, hún er vintage og ég keypti hana í uppáhaldsversluninni minni á ebay. Ég var búin að leita lengi að svona leggings með reimum framan á og ég varð ótrúlega ánægð þegar ég fann þessar sem komu alla leið frá Ástralíu, þær eru líka inni í vefversluninni. Skórnir eru síðan eftirlíking af hinum frægu JC-skóm sem voru uppseldir þegar ég keypti þessa en þetta eru þægilegustu hælmir sem ég á þó að þeir líti kannski ekki út fyrir það.

**ERNA HRUND**

Fyrstu sex: 271089

Starf: Móttökustjóri á Jónsson & Lemacks, Makeup Artisti hjá Maybelline og L'Oréal og tísku/förðunarbloggeri á *reykjavikfashionjournal.com*.



**ÞVERTOPPUR**  
Þvertopparnir sjást alltaf öðru hvoru og eru einstaklega vinsælir um þessar mundir, svona rétt áður en byrjar að vora. Þetta er flott og töffaralegt lúkk sem kemur mjög vel út á þeim sem þola það.

**TAGL**  
Það hefur verið mjög vinsælt hjá stjórnunum að setja tagl í hárið við fallett dress. Taglið getur bæði verið úfið eða sleikt aftur, með liðuðu hári eða sléttu. Þetta kemur allt vel út og verður klárlega vinsælt í sumar.



**SMÓKÍ AUGU**  
Smóki augnmálingin hefur verið vinsæl í veturna enda hentar hún vel á dimmum vetrarnóttum. Smóki augun eru þó ennþá vinsæl hjá stjórnunum og munu eflaust verða það fram á vor og sumar.

## BRJÁLUD þjúttírend

Heitustu fegurðartrendin vestanhafs þessa dagana eru sumarleg og skemmtileg og munu því eflaust verða vinsæl þegar vorar. **Stíllinn** tók saman nokkrar skemmtilegar hugmyndir sem væri gaman að prófa.



**HÁR SNÚÐUR**  
Það eru margar stjórnur sem taka hárið sitt gjarnan frá andlitinu og kemur þá vel út að sleikja það aftur og setja það í snúð. Þetta er mjög fágæð og kynþokkafullt lúkk sem á eflaust eftir að verða vinsælt í vor.

**LIDIR**  
Það kemur alltaf vel út þegar stelpur með sítt, þykkt há setja liði í það og leyfa því að njóta sín. Þetta mun vera vinsælt í vor og sumar eins og síðustu ár. Þetta er frjálst og fallett lúkk.

**DÖKKUR VARALITUR**  
Dökku varirnar hafa verið vinsælir í veturna og þær virðast ekki vera að fara neitt. Það eru alltaf fleiri og fleiri stjórnur sem henda sér út í djúpu laugina og prófa dökka varalitinn, enda er hann góðgjöss.



**HLIÐARFLÉTTURNAR**  
Hliðarfléttan hefur verið vinsæl lengi. Þetta er fallett og afslappað lúkk sem virkar nánast alltaf. Við mælum með því að þið prófið að henda í eina fiskifléttu, hún kemur svo skemmtilega út.



**SKIPT Í PÍKU**  
Fyrir örfáum árum voru það bara hipparnir sem greiddu hárið í píku og þótti þetta hið versta tískuslys. En nú hafa tímarnir heldur betur breyst og er önnur hver kona með hárið skipt í píku.



**APPELSÍNUGULUR VARALITUR**  
Mikið hefur borið á appelsínugulum vörum upp á síðkastið. Þessi litur er einstaklega fallegur og hann mun klárlega vera heitur í sumar.

### Vejle Idrætshøjskole

**KURSUSSTART DEN 9. AUGUST**  
með fókus á íþróttir. Skólinn er staðsettur í Vejle og það eru góðar samgöngur til og frá Billund og Kaupmannahöfn. Verð fyrir 19 vikna uppihald fyrir nemendur sem koma frá Íslandi er 17.000 dkr. "Borga þarf fyrir 1. maí". Skólinn er í Samvinnu við UMFÍ.

- BOLDSPIL**  
Fodbold · Håndbold · Badminton · Tennis · Basketball · Volleyball
- FITNESS**  
Fitness instruktør · Aerobic & fitnessdance · Dance · Indoor Cycling, pump & boksning · Styrketræning · Fitness 360°
- OUTDOOR**  
Outdoor Energy · Adventure race · Adventure forest · Ekspedition · Vandsport · Ski · Dykning · Maraton & triatlon
- POLITI**  
Fysisk træning · Teoretisk undervisning · Samarbejde og holdopgave · Køreteknisk forløb · Besøg på politiskolen · Skydning

**VEJLE IDRÆTSHØJSKOLE**  
Yderlig info kontakt Peter Sebastian /ps@vih.dk.  
Læs mere på [www.vih.dk](http://www.vih.dk)  
Starfsmaður frá skólanum verður á Íslandi 26.-29. mars og þá gefst kostur á að hitta hann og spyrja hann spurninga um skólann.

# Ekki í þessu fyrir

Leikarinn **Damon Younger** er maðurinn á bak við versta illmenni íslenskrar kvikmyndasögu. **Monitor** spurði hann út í lífið í London, harkið í bransanum og karakterinn Brúnó.

**Texti:** Einar Lövdahl  
**Myndir:** Ómar Óskarsson

einar@monitor.is  
omar@mbl.is

Frá því að Svartur á leik var frumsýnd hefur leikarinn Damon Younger verið algengt umræðuefni á kaffistofum landsins. Leikarinn fer þar hamföllum í hlutverki illmennisins Brúnó, sem nú þegar hefur verið kallaður grimmosta illmenni íslenskrar kvikmyndasögu. Þegar undirritaður settist niður með Damon vottaði fyrir kvíða hjá blaðamanni enda ekki heillandi tilhugsun að sitja einn inni herbergi með Brúnó. Til að létta stemninguna hófust samræðurnar á hjali um Mottumars. „Ég ætlaði nú að vera með mottu í mars en þurfti síðan að raka mig út af kvikmynd sem ég var að leika í um helgina. Það tekur reyndar langan tíma fyrir mig að safna skeggi, það vex varla á mér skeggi. Ég er svona 50% kona og 50% karl eða eitthvað,“ segir Damon Younger og brosir.

**Finnst þér skemmtilegt eða leiðinlegt að heyra að mér sé ekki alveg rótt að sitja einn inni í herbergi með þér eftir að hafa séð Svartur á leik í gærkvöldi?**

Mér finnst það bara gaman, þá er vinnan greinilega að skila sér. „Movies are magic“. Þó að tókur standi bara yfir 24 daga þá liggur gífurleg vinna að baki þessarar myndar og ég held að þetta sé bara dæmi um hvernig hægt er að gera vel ef menn fá handrit snemma í hendurnar, fá að vinna heimavinnuna sína vel og æfa sig með leikstjóra. Síðan er þetta tveggja mánaða karaktersköpun, mánuður í tókum og svo þarf maður tvo eða þrjá mánuði til að koma sér aftur úr þessu.

**Þú leikur sem sé illmennið Brúnó í vinsælustu mynd landsins um þessar mundir og hefur hann nú þegar verið titlaður sem hrottalegasta illmenni íslenskrar kvikmyndasögu af sumum. Hvað finnst þér um þann titil?**

Það er bara gaman að heyra þetta (hlær). Með þessari mynd erum við náttúrulega að reyna að varpa upp ákveðinni mynd af hlutum sem gerðust í alvöru, hlutum sem ekki er hægt að líta framhjá. Þetta eru blákaldrar staðreyndir sem er hrikalegt. Það er liðinn rúmur áratugur síðan þessir hlutir gerðust og miðað við það sem ég hef heyrt í undirbúningsvinnunni minni þá hefur þetta versnað. Þarna heyrði maður af hlutum sem ég vil engum að þurfa að lenda í. Menn ættu kannski að hugsa út í að þetta er tækifæri til að vekja upp umræðu um hvernig samfélagi við viljum búa í. Við þurfum að byggja gagnrýna samfélag, það er mjög mikilvægt. Vilt þú geta labbað öruggur milli staða í Reykjavík? Vilt þú eiga á hættu á því að frændi þinn komi utan af landi til höfuðborgarinnar og lendi í einhverjum dóphring og að illa sér farið með bræður þína og systur? Við búum í 100.000 manna samfélagi hér í Reykjavík, getum við ekki bara reynt að vera góð hvert við annað?

**Hvernig undirbjóst þú þig líkamlega fyrir hlutverkið í Svartur á leik?**

Þegar einhver biður mann um að koma og leika í mynd þar sem maður þarf að vera ber að ofan nánast allan tímann þá er það náttúrulega dálítið sjokk, ég tala nú ekki um ef viðmiðið er Bruce Lee eða eitthvað (hlær). Þar af leiðandi þurfti maður að taka sig dálítið vel á. Ég sá mynd af Gunnari Nelson í einhverju blaði, þar sem hann var ber að ofan og svaka nagli svo ég ákvað að taka hann svölitið mér til fyrirmyndar. Ég tók sem sagt stífar ketilbjöllu-æfingar til móts við að fara í ræktina með Steina Bach (Þorsteini Bachmann). Hann er náttúrulega leikari og veit hvaða aðferðafræði ég er að nota á meðan ég skapa karakter, sem var mikilvægt því maður getur vissulega verið yfirþyrmandi þegar á því ferli stendur. Ég fór í ræktina einu sinni á dag og tók ketilbjölluæfingar á morgnana og kvöldin og tók jafnvel bjöllumuna bara með mér á settið og gerði æfingar í biðtímanum.

**En andlega?**

Ég hitti bæði sérsveitarmenn og glæpamenn sem deildu því einfaldlega með mér bara hvað þeir eru að eiga við. Síðan legg ég almennt mikið upp úr því í minni leiklistarþjálfun að sækja heimspekítíma í háskólanum reglulega. Það er nefnilega ekki bara nóg að æfa vöðvana, maður þarf líka að þjálfra heilann. Heimspekin þjálfar mann í að taka utan um flóknar setningar og hugmyndir og gerir það að verkum að ég á auðveldara með það þegar ég fæ handrit með stuttum fyrirvara og verð að vera snöggur að

## HRAÐASPURNINGAR

**Fyrstu sex:** 061175.

**Uppáhaldsmatur:** Það sem mamma eldar.

**Uppáhaldsstaður í heiminum:** Stokkseyri og Stykkishólmur.

**Uppáhaldskvikmynd:** Withnail & I er best leikna mynd sem ég hef séð en svo á ég fjölmargar uppáhalds íslenskar bíómyndir.

**Æskuárnaðargöð:** Jón Páll Sigmarsson.

skapa heilan karakter sem fólk á að kaupa að sé raunverulegur einstaklingur. Það kostar helling af pening fyrir fólk að fara í bíó og þá vill fólk fá ákveðna skemmtun fyrir peninginn og hver væri ég þá að vinna mitt starf af einhverri rælni? Svo er ekki eins og maður fái mörg tækifæri hérlandis, maður lifir ekki á því að vera bíómyndaleikari á Íslandi, þannig að það þarf að vanda sig. Ef allir væru að vanda sig hérna, þá væru engin vandamál hérna í samfélaginu. Menn eru dálítið aldir þannig upp, til dæmis með þessu raunveruleikasjónvarpsþáttum sem eru í gangi, að það séu einhverjar auðveldar leiðir út úr þessu öllu saman. Að þú getir einhvern veginn komist af án þess að vanda þig en þetta virkar ekki þannig. Finndu það sem þú vilt gera og vandaðu þig við það. Það er einmitt það sem ég er með skrifað uppi á vegg heima hjá mér: Vanda sig. Við fáum bara eitt tækifæri til að lifa á þessari jörð.

**Hvernig hljómar þín lýsing á karakternum Brúnó?**

Hann er auðvitað grjótharður nagli. Hann er jafnframt það sem kallað er nihilisti. Hann er maður sem gerir sér grein fyrir regluverkinu og sér það utan frá, hann samþykkir ekki endilega það sem aðrir hafa ákveðið að sé rétt eða eðlilegt. Þetta er ákveðin heimspekistefna sem er mjög hættuleg. Nihilistum er skítsama um eitthvað sem heitir vald. Þeir líta á samfélagið þannig að þeir sem fara með „valdið“ eru bara í einhverjum leik sem kemur þeim ekkert við en maður ræður því nákvæmlega sjálfur hvað maður gerir. Þetta eru þeir hlutir sem ég þarf að hugsa út í þegar ég skapa svona karakter og það getur ruglað mann rosalega. Þetta er algjört „mændfokk“.

**Hvernig endaði karakterinn í þínum höndum?**

Átti Knúts, vinur minn, lét mig hafa bókina Svartur á leik fyrir svona fjórum árum og sagði að ég ætti endilega að kíkja á hana. Hann sagði mér ekkert þá að hann væri að þæla í að framleiða bíómynd upp úr bókinni, ég hélt einfaldlega að hann væri bara að benda mér á góðan reifara. Mér fannst bókinn alveg brílljant, dálítið ljót kannski en ég er svona hrifnari af fagurfræðilegum bókmenntum. Ári seinna fóru þeir síðan að þæla í því af alvöru að gera mynd úr þessu og þá var ég beðinn um að koma og lesa inn fyrir Brúnó. Seinna sagði Óskar mér að upp frá því hefði hann alltaf heyrt röddina mína þegar hann var að þæla í þeim karakter þegar hann var að lesa bókina og svona. Niðurstaðan er síðan bara Svartur á leik, farið í bíó (hlær).

**Þegar einhver biður mann um að koma og leika í mynd þar sem maður þarf að vera ber að ofan nánast allan tímann þá er það náttúrulega dálítið sjokk...**

**Varst þú alltaf staðráðinn í að verða leikari?**

Nei, blessaður vertu, ég fór fyrst að læra kokkinn. Ég hafði áttað mig á því að ég væri frekar mikill B-maður, ég er ekki morguntýpan, og valdi kokkinn svölitið af því að vinnuvaktirnar í þeim geira eru helst á kvöldin. Þá fékk ég vinnu á Hótel Sögu en lenti í því að vera alltaf á morgunvöktum. Ég nennti því ekki og þá var þetta spurning um annaðhvort leiklist eða myndlist. Ég var dálítið alinn upp við myndlist og þar af leiðandi heimamenntaður. Síðan fór ég vestur til að átta mig aðeins betur á hvað mig langaði að gera í lífinu og fór í framhaldsskóla á Ísafirði. Þar hélt ég mína fyrstu myndlistarsýningu og tók jafnframt þátt í fyrsta leiklistarverkefni mínu en það var verkið Dýrheimar í leikstjórn Kolbrúnar Halldórsdótt-

ur. Á þessum tíma mokaði ég reyndar líka í snjóflóðinu á Súðavík og það er annað atriði sem maður óskar engum að þurfa að gera. Það var einmitt Kolbrún sem benti mér á að ég ætti kannski að skoða það af alvöru að leggja leiklistina fyrir mig.


**Og úr varð að þú komst inn í The Webber Douglas Academy of Dramatic Art og útskrifaðist þaðan árið 2001. Hvers vegna lærðir þú á Englandi?**

Ég komst bara ekki inn hérna heima. Það er náttúrulega hægara sagt en gert þegar 180 manns sækja um og oft eru þetta nú aðallega frændur einhverra sem komast inn, án þess að ég sé að gefa neitt í skyn (hlær). Að sama skapi var ég rosalega heppinn að komast inn í þennan frábæra skóla úti, þar sóttu 4.000 manns um 28 lausar stöður. Í þessum skóla lærðu til dæmis Þórunn Lárusdóttir, Þórunn Clausen, Bjartmar Þórðar, Álfrún Örnólfs og Þóra Karítas líka, svo einhver séu nefnd. Það átti ágætlega við mig að fara út í þrjú ár, það að fara burt frá fjölskyldu og vinum í svona langan tíma minnti mig svölitið á að fara út á sjó. Ég var einmitt úti á sjó í sumarfríunum til að vinna fyrir þessu að einhverju leyti. Þetta var reyndar það mikil törn að ég var dálítið bugaður eftir þetta og tók fá verkefni beint eftir útskrift. Á þessum árum fattaði ég að maður er aldrei búinn að læra leiklist, þetta er endalaust verkefni. Ég fattaði samt líka hvað ég hafði nú lært ótrúlega mikið í þessum skóla um leikhústækni, sviðsleik og alla þá öguðu líkamlegu vinnu sem fer í þetta.

**Það hefur samt varla alltaf verið dans á rósum að læra úti, er það?**

Nei, það er alls ekki hlaupið að því að fara í svona nám til útlanda. Við erum að tala um rándýrt nám, fokdýra húsaleigu í erlendum gjaldmiðli. Þegar maður tekur ákvörðun um að fara svona þá er maður líka að taka ákvörðun um að bíða með fjölskyldulíf, bíða með að kaupa sér íbúð og fá einhvers konar öryggi í lífið. Maður færir stórar fórnir. En það skilar sér, eftir að hafa lært sviðsleik nálgast ég líkamann minn á allt annan hátt. Líkaminn er verkfæri mitt, þetta er fiðlan mín eða gítarinn minn. Ég er búinn að eyða tíu til fimmtán árum í að búa til eins gott verkfæri og ég mögulega get með endalausri vinnu.

**Eftir útskrift starfaðir þú sem leikari á Englandi meira eða minna í áratug. Var það hörð samkeppni og mikið hark?**







# VILTU VINNA EINTAK?



**SENDU SMS SKEYTIÐ  
ESL DVD  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**



**FULLT AF VINNINGUM:  
BÍÓMIÐAR  
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.  
MED ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

sená

Já, þú getur rétt ímyndað þér. Alveg eins og við segjum: „Veljum íslenskt – já, takk“ hérlandis, þá segja Bretarnir auðvitað það nákvæmlega sama, þeir vilja ráða breska leikara í vinnu. Ég var hins vegar ótrúlega heppinn að fá að lifa á þessu í tíu ár þarna úti. Í Bretlandi fékk maður alltaf þessar tvær auglýsingar sem þarf til að geta borgað húsaleiguna og ásamt litlum hlutverkum í sjónvarpsþáttum hér og þar. Það er hægt að lifa á þessu þarna úti ef maður er duglegur en hér á landi þarf maður oft og tíðum á stuðningi foreldra að halda.

#### Stuðningi foreldra, hvernig þá?

Það er mikilvægt fyrir leikara að geta verið laus og liðugur og vera ekki í aukastarfi ef hann vill geta vandað sig. Ég er mjög heppinn að fá mikinn stuðning frá foreldrum mínum. Pabbi fer með mig annað slagið í Bónus og ég bý á vinnustofunni hennar mömmu þegar hún er ekki að nota hana. Þar geymi ég fötin mín og sef þar og slepp þannig við húsaleigu. Þetta gera þau af því að þau hafa trú á því sem ég er að gera og ég er þakklátur fyrir það. Fyrir vikið get ég verið að stúdera umhverfið mitt og sótt heimspekítíma í háskólanum til að örva leikarann í mér auk þess sem ég tel þetta bæta mig sem manneskju.

#### Þú segist ekki fylgjast með fjölmiðlum og ert lítið fyrir það að mæta í viðtöli yfir höfuð en starfar þó innan stéttar þar sem almennt þykir mikilvægt að vera duglegur að koma sér á framfæri, til dæmis í gegnum fjölmiðla. Hvernig stendur á því?

Ég er mjög feiminn að eðlisfari og vil vera dæmdur af verkum mínum. Auðvitað er það að koma sér á framfæri hluti af þessu en það þýðir ekkert að mér finnist það auðvelt eða skemmtilegt. Þetta er ekkert eins og leiklistin, þar fæ ég handrit og get skapað ákveðinn karakter og æft mig og æft áður en ég sýni afraksturinn opinberlega. Ég vona að ef ég held áfram að vanda mig að þá fái ég fleiri tækifæri í því sem ég er að gera án þess að þurfa að öskra eftir athygli í gegnum fjölmiðla. Þó svo að samfélagið okkar sé búið að ákveða að allir verði alltaf að vita allt um líf leikara, þá eru það leikreglur sem einhver annar en ég bjó til. Ég er ekki að þessu til þess að verða frægur, ég er að þessu til að búa til einhverja skemmtun fyrir fólk til að það geti gleymt sér um stund. Lífið er oft erfitt, hversdagsleikinn er ekkert alltaf skemmtilegur og stundum þarf fólk bara flótta.

#### Lendir þú gjarnan í því að fólk haldi að þú sért útlenskur leikari vegna nafnsins?

Já, fólk heldur voðalega oft að ég sé útlendingur (hlær). Ég lendi stundum í því að heyrna: „Svakalega talar þú nú góða íslensku!“. Ég er auðvitað sífellt spurður hvers vegna ég heiti þessu nafni og get kannski bara svarað henni í eitt skipti fyrir öll hér. Ég heiti sem sagt Ásgeir Þórðarson, þótt ég hafi reyndar lesið í blaðinu um daginn að ég hétu Ásgeir Ásgeirsson en veit ekki hvaðan það kom. Þegar það fór að nálgast útskrift úr leiklistarskólanum úti þá kallaði skólameistarinn mig til sín og sagði við mig: „Jæja, það er kominn tími til að þú veljir þér eitthvað leikaranafn því þú átt aldrei eftir að fá vinnu hérna sem Ásgeir Þórðarson,“ og ég tók hann á orðinu. Ég ólst upp í Skotlandi og það var kona þar sem gekk mér hálfpartinn í ömmustað sem hét May Young og hún átti enga afkomendur. Hvort sem þú trúir því eða ekki þá ákvað ég það þegar ég var lítill að ef ég þyrfti

einum tímann að taka upp enskt nafn, þá myndi ég vilja taka upp eftirnafnið hennar. Síðan var ég að ræða við einn félagaminn hvaða fornafn ég ætti að velja og hann spurði hvort það væri ekki eitthvað Damon Albarn-æði á Íslandi og við hlógum mikið að því svo ég ákvað að nota fornafnið Damon. Daginn eftir fór ég í leikarasambandið í Bretlandi og ætlaði að fá að skrá þetta nafn. Þá kom í ljós að það var einhver annar leikari skráður sem Damon Young. Þá barði ég í borðið og spurði hvort að Damon Younger væri laust og það reyndist vera. Síðan festist nafnið bara við mig úti enda var svo sem alltaf dálítið snúið að heita Ásgeir þarna úti.

#### Höfðar kvikmyndaleikur betur til þín heldur en sviðsleikur?

Já, það má segja það en mér hefur reyndar aldrei verið boðið að leika á sviði á Íslandi. Ég var svo heppinn að þegar ég var í náminu þá leigði ég með Ástu Briem og Baldri Eyþóri Eyþórssyni, sem voru bæði að læra kvikmyndagerð, svo þegar við héngum saman á kvöldin þá vorum við dugleg við að horfa saman á kvikmyndirnar sem þau þurftu að stúdera og svo ræddum við þær mjög ítarlega, út frá hinum ýmsu smáatriðum kvikmyndagerðar. Fyrir vikið fékk ég náttúrulega hellingmenntun í kvikmyndafræðum út úr því, við vorum í rauninni í aukanámi á kvöldin þar sem ég fræddi þau um leiklistina og þau mig um kvikmyndalistina. Síðan þegar ég kláraði námið datt ég bara einhvern veginn inn í kvikmyndaleikinn. Fyrsta hlutverkið sem ég fékk var í bíómynd eftir Stephen Frears það þykir nú ekki slæmt að fá að leika fyrir Óskarsverðlaunaleikstjóra strax eftir útskrift. Þetta var reyndar lítið hlutverk en það er engin keðja sterkari en veikasti hlekkurinn og okkur var kennt í skólanum að það væru engin lítil hlutverk, bara litlir leikarar og ég hef alltaf haft það bak við eyrað. Minnstu hlutverkin eru oft erfiðustu hlutverkin.

#### Hvað finnst þér um íslenska kvikmyndagerð?

Þú verður að átta þig á því að kvikmyndaíðnaðurinn, sjónvarp og útvarp – þetta er allt nýtt af nálinni. Fyrir hundrað árum síðan snerist leiklistin bara um leikhús og leikhús fyrir öld síðan var allt öðruvísi en í dag. Íslensk kvikmyndagerð er aðáunarverð, einkum sé miðað við að hér búa 300 þúsund hræður. Það er ótrúlegt hvað þetta er fluttur iðnaður og í honum vinnur svo faglegt fólk. Við höfum náð ótrúlega langt á stuttum tíma. Menn í öðrum löndum eru í miklu betri aðstöðu fyrir þessa iðn.

Í Hollywood, til dæmis, er miklu meira fjármagn og þar af leiðandi nægur tími sem leyfir þeim að taka einungis upp kannski eina til tvær mínútur úr bíómyndinni á dag. Hér á Íslandi erum við að taka upp að meðaltali fjórar til fimm mínútur á dag. Það fara þrjú mánuðir í að búa til mynd eins og Svartur á leik úti í LA en við tókum hana upp á 24 dögum. Þetta þarf fólk að hafa í huga þegar það fer á íslenskar myndir. Við erum í raun að reyna að gera hið ómögulega. Þetta eru vinnuaðstæðurnar sem fólk í íslenskum kvikmyndaíðnaði býr við en við erum nú einu sinni stórasta þjóð í heimi svo við gerum okkar besta.



*Þú átt leik, skjóttu á þig  
einum  
svörtum*



### **Svartur Rúbín**

er ljúffeng blanda kaffibauna frá Kólumbíu og Kenýa bragðbætt með baunum frá Brasilíu og Kosta Ríka.

Frábær blanda kaffibauna í hæsta gæðaflokki, brendar og malaðar af íslensku fagfólki.

*Rúbín  
kaffi*

*Svartur Rúbín er fyrir þá sem einfaldlega elska gott kaffi!*

„Whose fucking baby is this?”  
Hangover 2009.



SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BYR.

STARFANDI SÉRISVEITARMENN  
BANDARÍKJAHERS US NAVY SEALS FARA MEÐ  
HLUTVERK PERSÓNANNA Í MYNDINNI.

SAGAN ER SKÁLDSKAPUR EN VOPNIN OG  
AÐFERÐIRNAR RAUNVERULEGAR.

BYGGT Á RAUNVERULEGUM VERKEFNUM  
SÉRISVEITA BANDARÍKJAHERS US NAVY SEALS.

# ACT OF VALOR

SENDU SMS SKEYTIÐ  
**ESL ACT**

Á NÚMERIÐ **1900**  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FRUMSÝND Á MORGUN!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ



**VILTU  
VINNA  
MIÐA?**

FULLT AF VINNINGUM:  
**BÍÓMIÐAR**

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.  
MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



STRÁKARNIR Á  
LEIÐ Í ÚTILEGU

## FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

### Act of Valor

Frábær mynd þar sem kvikmynda-  
listinni er fléttað saman við raun-  
veruleikann þar sem raunverulegir  
og þrautþjálfaðir sérsveitarmenn fara  
með aðalhlutverkin. Myndin fjallar  
um sérsveitarmenn sem fá það verk-  
efni að frelsa CIA-starfsmann úr klóm  
mannræningja. Í framhaldinu komast  
þeir á snoðir um hryðjuverkahóp  
sem ætlar sér að gera mannskæða  
hryðjuverkaárás í Bandaríkjunum.  
Rannsókn málsins fer á fullt skrið  
og við ferðumst með þessum sérsveit-

**Leikstjóri:** Mike McCoy og Scott  
Vaugh.  
**Aðalhlutverk:** Alex Veadov,  
Roselyn Sanchez og Nestor  
Serrano.  
**Lengd:** 110 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan  
16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárábíó, Há-  
skólabíó og Borgarbíó Akureyri.

armönnum um allan heim þar sem  
þeir ráðast meðal annars beint inn í  
greni hryðjuverkamannanna hvar sem  
þeir hafa hreiðrað um sig. Baráttan  
er ekki án förna en það er ljóst ef  
þessara sérþjálfuðu manna, sem eru  
tilbúnir að förna lífi sínu, nyti ekki við  
þá værum við hin í vondum málum.  
Hér er á ferðinni hasarmynd þar sem  
áhorfendum finnst þeir hreint og  
beint vera þátttakendur í æsispenn-  
andi atburðarásinni.

Windows Phone

**EINFALDARI  
HRAÐARI  
SKEMMTILEGRI**

**Allt á einum stað!**  
Vertu í stöðugu sambandi við vinna  
í gegnum Facebook, Twitter og aðra  
samfélagsmiðla með Lumia 800.  
Kynntu þér málið í næstu verslun  
okkar eða á vodafone.is

**Þín ánægja er okkar markmið**

NOKIA LUMIA 800 vodafone.is

facebook.com/monitorbladið

Monitor ætlar  
að gefa miða  
á Act of Valor,  
fylgstu með ...

**VILTU  
VINNA  
MIÐA?**



**RAUÐIR BOLLAR ERU TÁKN UM DJAMM**

**FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR**

**Project X**

Frá framleiðanda Hangover-myndanna, Old School og Due Date kemur hér partímynd í öllu sínu veldi. Thomas Mann á afmæli og eins og alla unga menn dremmir hann um að halda bestu og flottustu afmælisveislu sem haldin hefur verið. Vöndu fréttirnar eru auðvitað foreldrarnir en góðu fréttirnar eru að þeir verða ekki heima. Thomas ákveður því ásamt félögum sínum, þeim J.B. og Costa, að láta slag standa. Hann lætur það ganga um allan bæ að öllum sé boðið heim

**Leikstjóri:** Nima Nourizadeh.  
**Aðalhlutverk:** Thomas Mann, Jonathan Daniel Brown, Oliver Cooper, Dax Flame og Nichole Bloom.  
**Lengd:** 88 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Akureyri, Keflavík, Kringlunni og Laugarásbíó.

til hans í partí ársins og auðvitað lætur enginn bjóða sér tvisvar. Allir mæta og nú upphafst einhver svakalegasta veisla sem sögur fara af þegar hundruð partíglæðra ungmenna mæta með góða skapið, staðráðin í að nota tækifærið og skemmta sér áhyggjulaust fram á rauða nótt. Það skemmir auðvitað ekki fyrir stemningunni að Thomas á ríka foreldra sem búa vel í stóru húsi með sundlaug og fíneríi. Að vísu reynast nágrannarnir ekki alveg sáttir við lætin en það er aukaatriði.

**VILTU VINNA MIÐA?**

Monitor ætlar að gefa miða á Project X, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladið

**TÖLVULEIKUR**

**Syndicate**

**MMAAAA**

Tegund: Bíla- og skotleikur  
 PEGI merking: 18+  
 Útgefandi: Sony Computer  
 Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 9 af 10 / Eurogamer 7 af 10

**Hrútaflyktin svífur yfir vötnum**

Það eru nokkrir tölvuleikir sem eru hreinlega gerðir fyrir góðan hitting. Í þeim geta margir spilað saman á einni tölvu og ekki spillir fyrir að hafa einn kaldan á kantinum. Á dögnum kom einmitt slíkur leikur á markað fyrir PlayStation 3 eða Twisted Metal. Hér er á ferðinni nýjasti leikurinn í seríu sem spannar allt aftur til ársins 1995. Að þessu sinni hefur ólfkindatólið Calypso ákveðið að halda Twisted Metal-keppni og boðið til keppni helstu ökuþórum og hörkutólum seríunnar, enda mikið í húfi en sigurvegarinn hlýtur að launum eina ósk. Leikmenn geta stýrt þremur mismunandi persónum í gegnum söguþráðinn og hefur hver þeirra sína sögu og verkefni. Það sem er svalt við sögu leiksins er að henni er fleytt áfram með leiknum atriðum sem hefur ekki verið gert mikið af hingað til, en virkar yfirleitt mjög vel.



**Þrusugóð tónlist**

Grafíkin í Twisted Metal er ekkert sérstök, en á móti kemur að hægt er að rústa nánast öllu á borðum leiksins og fjöldi ramma á sekúndu heldur sér nokkuð vel. Tónlistin í leiknum er þrusugóð, töluvert mikið af þekktum rokkklögum og öðrum slögurum. Það er allt gert til að færa manni stærri þung í Twisted Metal og klárt að hrútaflyktin á eftir að svífa yfir vötnunum þegar menn hittast og taka fjögurra manna „split screen“-spilun fram eftir nóttu.



Ólafur Þór Jónsson

**Kominn í Elko!**



**VILTU VINNA EINTAK?**



**9. HVER VINNUR!**  
 FJÖLDI AUKAVINNINGA

**SENDU EST STREET Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

**GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!**

**TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



# Kominn í Elko!



**VILTU VINNA EINTAK?**



**9. HVER VINNUR!**  
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU EST MASS Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

**GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!**

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



# LOKAPRÓFIÐ

15. mars 2012

SKÓLINN

Ég heiti Edda Sif Pálsdóttir Ef ég væri ekki Edda Sif Pálsdóttir myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að pabbi minn er svo fígur

Þegar ég vissi að ég væri á leið í Lokaprófið var ég  
a) 30%  
b) 44%  
c) 86%  
d) 100%  
viss um að það kæmi spurning um Pál Magnússon, föður minn.

Páll Magnússon er  
a) besti útvarpsstjórinn frá upphafi.  
b) besti pabbi í heimi.  
c) myndarlegasti gaur á jörðinni.  
d) bolvað vesen oft og tíðum!  
Besti samstarfsmaður minn á spóttadeild RÚV er án efa  
a) Haukur Harðarson  
b) Adolf Ingi Erlingsson  
c) Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson  
d) Einar Örn Jónsson

af því að hann er svo duglegur að gefa mér far\*

Þegar Jóhanna Júlía tók 177 armbeygjur hugsaði ég:  
a) „Af hverju var ég ekki duglegri í armbeygjum þegar ég var yngri?“  
b) „Þvílík snilld að sjá um Skólahreystið þegar þessir krakkar eru að skrá sig í sögubækurnar.“  
c) „Ég færi nú létt með þetta sjálf. Passaðu þig, Edda, að samgledjast samt.“  
d) „Þetta er næsta Annie Mist.“  
en í alvörðinni var ég samt bara að hugsa um hvada filter ég ein að nota á myndina á Instagram

Uppáhaldið mitt í öllum heiminum er  
a) Fróði, hundurinn minn.  
b) unaðstílfínningin sem ég fæ þegar myndatökumaðurinn kveikir á vélinni.  
c) Garðabærinn.  
d) þegar pabbi rifjar upp sögur úr Eyjum.  
e) Þóttu pabbi!

Þær eru samt allveg skemmtilegar. Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Katla Sif Pálsd.



a) Edda Björgvinsdóttir, leikkona  
b) Hótel Edda  
c) Þórey Edda Elisdóttir, stangastökksdrottning  
d) Eddan, kvikmyndaverólaun  
e) Ká-eddi  
árlega  
af því að það er svo gott grín!

Þegar ég var lítil æfði ég  
a) handbolta  
b) fótbolta  
c) golf  
d) dans  
e) VA! hvat þetta letur mig lækka vel

en upphaldsþróttin mín er \*SKÓLAHREYSTI\* (já það er íbrótt)

Ef ég ætti að velja eina fæðutegund til að taka með mér á eyðieyju myndi ég velja  
a) kjúklingabaunir.  
b) lakkrís.  
c) spergilkál.  
d) nautalundur.  
e) Snickers.

Þann 10. maí skila ég BA-ritgerð í almennum málvísindum og íslensku. Þess vegna ætla ég að haka við setningu hér að neðan sem inniheldur rétta stafsetningu og málfræði.  
a) Það var sagt mér að ég væri sæt.  
b) Er einhvað að?  
c) Lífið er yndislegt.  
d) Mér langar svo í nýjan bíl.  
e) Oft á tíðum fer fólk í kvikmyndahús. Casually búið að flexa þessari hunnáttu!

Síðasta sms sem ég fékk var frá Hauki og í því stóð: Er ekki á bíl dag? Þú far um 10!  
PS Edda þú ert upphaldsþróttin mín!  
Ef ég maetti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa foster the people heitið og velja raggar og bjótið mér í partý



## Síðast en ekki síst

» **Dagbjört Guðbrandsdóttir**, módel/fitness-keppandi, fílar:

**Kvikmynd:** Án efa Star Wars-myndirnar, þær klicka aldrei. Tímalasur kvikmyndir sem ég get horft á aftur og aftur og ekki skemmir það fyrir að þær verði allar sýndar aftur í kvikmyndahúsum í 3D núna.

**Þáttur:** The Big Bang Theory og Modern Family. Þessir þættir eru einfaldlega of góðir og er ég búin að liggja yfir þeim síðan þeir komu út. Modern Family eru klárlega best skrifuðu gamanþættirnir í sjónvarpi í dag.

**Bók:** Ég er mikið fyrir spennusögur og get ég varla valið milli bókanna hjá upphaldsrithöfundinum mínum, Arnaldi Indriðasyni. En ef ég neyðist til að velja þá er það Grafarþögn.



**Plata:** Ef það er einhver diskur „thumbs up-plata“ þá er það Myndin af þér með Vilhjálmi Vilhjálmssyni. Þessi diskur er alltaf í bílnum og kann ég öll lögin utan að.

**9GAG READER**  
**Vefsíða:** Uppáhaldssíðan mín er klárlega 9gag.com. Þarna tynist ég tímunum saman sitjandi við tölvuna í hláturskrampa.

**Staður:** Þar sem ég hef ferðast mikið á hestbaki um Ísland verð ég að segja að ekkert sé fegurra en hálendi Íslands. Ferskt fjalla-loft, það er ekkert sem getur toppað það.





**HVAÐ ER TÍTT?**

**Nafn:** Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir  
**Á forsíðu:** 3. mars 2011  
**Fyrirsögn viðtals:** Allir vilja þekkja Ungfrú Reykjavík

Af mér er bara allt rosalega gott að fréttu. Er í skólanum eins og vanalega en ég stunda nám við lagadeild HÍ og er aðallega búin að vera að læra síðan ég var á forsíðunni og maður heldur því auðvitað áfram. Svo er RFF í lok mars og er ég að fara að taka þátt í því þannig það er eitthvað nýtt sem maður er að prufa og verður ábyggilega bara gaman. Einnig bíður maður eftir að krýna nýja Ungfrú Reykjavík þó ég viti ekki nákvæmlega hvenær það verður. Síðan fara að koma próf og eftir próf kemur sumarið og mikið rosalega sem ég hlakka til sumarsins, þá fer ég líka til útlanda með fjölskyldunni sem verður æðislegt. Allt er gott og bara spennandi tímar framundan.



**LOL-MAIL MONITOR**

til: Sigi Hall  
 frá: Jón Ragnar Jónsson  
 dagsetning: 12. febrúar 2012 15:24  
 titill: LOL-mail Monitor

Heill og sæll Sigi Hall

Nú er að sjá hvort þú lumir á einum góðum brandara og þá væri gaman ef þú gætir skorað á einhvern hnyttinn einstakling til að segja næsta brandara.

Með von um ljúffeng svör,  
 Jón Ragnar

Tveir menn voru að pissa á klósetti á bar. Annar hvítur en hinn svartur.

Þeir standa þarna hlið við hlið og sjá þá að þeir eru báðir með húðflúrað nafn á félagana.

Á þeim hvíta stendur ADAM og hjá þeim svarta stendur WENDY.

Sá hvíti segir rogginn við hinn: „Þegar minn er í stuði þá lengist þetta í AmsterdAM“

„Já, einmitt,“ segir sá svartur „en þegar minn fer í stuð þá stendur WELCOME to jamaica and have a very Nice DaY“



**KVIKMYND**

**Geimapar og gleði á Mars**

Stríð á fjarlægum reikistjörnum skýtur upp kollinum við og við í kvikmyndum samtímans. Nýjasta afurðin í þessum geira er stórmyndin John Carter, byggð á vísindaskáldsögu Edgar Rice Burroughs en hér hefur Disney sett hana í sinn fokdyra búning og varpað henni á hvíta tjaldíð.

Sagan hefst á tímum borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum þar sem John Carter er kapteinn í Suðurríkjahernum. Í leit sinni að betra lífi og leið út úr hermennskunni rekt

hann á undarlegan grip sem varpar honum á plánetuna Barsoom eða Mars eins og við þekkjum hana.



Hinn grjótharði Taylor Kitsch er hér að þreyta frumraun sína sem aðalleikari og ferst honum það nokkuð vel úr hendi. Hann er fyrst og fremst töffari með stóra vöðva en þó er hann líka spilaður sem hálfgerður klaufi og kæruleysingi sem er megnugur um að gera mistök. Þessi rándýra mynd (\$240 milljónir) skartar þekktum leikurum, hvort sem þeir

eru að talsetja fyrir geimverur eða leika sjálfir. Þessi fjöruga ævintýramynd er mikið sjónarspil fyrir augað en því miður er hún helst til hæg á köflum. Hún fer vel yfir 2 tíma múrinn og þó svo að hún bjóði upp á flottar stríðssenu þá hefði eflaust verið hægt að klippa út önnur kjánaleg atriði sem áttu vafalaust að dýpka persónurnar.

Þrátt fyrir að John Carter fari seint á spjöld sögunnar sem meistara-stykki þá hafði ég ágætlega gaman af henni og hvet þá sem leggja stund á ævintýra- og sci-fi myndir að gera sér ferð í kvikmyndahúsin.

**Taktu þátt í toppleik Cocoa Puffs!**

**Ísöld 4 HEIMSALFUHÖPP 200 bíómiðar**

**Ferð fyrir fjóra til Euro Disney\***

**20 árskort í húsdýragarðinum FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN**

**Disneyland Paris**

**Heilkorna trygging**

**Cocoa Puffs**

**Í aðalvinning er fjölskylduferð fyrir fjóra til Euro Disney auk fjölmargra annarra glæsilegra vinninga.**

**Sendu þrjá bláa toppa af Cocoa Puffs pökkum merkt: Cocoa Puffs leikur, Klettagörðum 19, 104 Reykjavík – ásamt nafni og símanúmeri og þú ert kominn í pottinn.**

**Dregið 18. apríl.**

**www.cocoapuffs.is**

\*Innifalið: Flug fyrir fjóra til Parísar, báðar leiðir og aðgangskort fyrir fjóra í Euro Disney.

ÍSLENSKA  
HAMB  
ORGARA  
FABRIK  
KAN  
2010



# PÁSKALAMB \*ORGARINN



**BRAGÐLAUKARNIR VERÐA ÁTTAVILLTIR AF GEDSHRÆRINGU**

Glóðargrillaðar lamba prime steikarsneiðar í ferköntuðu Fabrikkubrauði.

Með heimalagaðri bernaise sósu, hvítlauksristuðum sveppum og brakandi fersku grænmeti. Borinn fram með frönskum.


**PÁSKALAMBORGARINN ER AÐEINS Í BODI Á PÁSKUNUM**

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

  
Miðvikudagur 4. apríl  
**FRÍ Á MORGUN**  
Opíð frá kl. 11 til miðnættis

  
Fimmtudagur 5. apríl  
**SKÍRDAGUR**  
Opíð frá kl. 11 til miðnættis

  
Föstudagur 6. apríl  
**FÖSTUDAGURINN  
LANGI**  
Opíð frá kl. 11 til miðnættis

  
Laugardagur 7. apríl  
**VENJULEGUR  
LAUGARDAGUR**  
Opíð frá kl. 11 til miðnættis

**Sunnudagur 8. apríl  
PÁSKADAGUR**  
Lokað vegna  
súkkulaðiáts

Mánudagur 9. apríl  
**ANNAR Í PÁSKUM**  
Opíð frá kl. 11 til miðnættis

\*Það vantar eitt B. Við vitum það. Okkur fannst þetta bara flottara svona.